

Föstudaginn 26. september 1969.

**Nr. 127/1969. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigur-
jónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor
Gaukur Jörundsson.**

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 8. maí 1969 var í Félagsdómi kveðinn upp dómur í félagsdómsmálinu nr. 2/1969: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Með bréfi til Félagsdóms 16. maí 1969 fór Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður þess á leit f. h. sóknaraðilja, að málið yrði samkvæmt lögjöfnun frá 59. gr. laga nr. 57/1962 endurupptekið til meðferðar og uppsögu dóms af nýju. Dómendur Félagsdóms, Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Guðjón B. Baldvinsson, tóku erindi þetta til úrlausnar á fundi sínum 3. júní 1969, og var gerð um það svofelld ályktun:

„Skilyrði til endurupptöku framangreinds félagsdómsmáls eru eigi fyrir hendi. Er nefndri beiðni hrl. Guðm. Ingva Sigurðssonar synjað.

Guðjón B. Baldvinsson tekur fram, að hann taki ekki afstöðu til endurupptökubeiðninnar, þar sem hann hafi skilað sératkvæði í málinu“.

Greindri synjun hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1969, er barst dóminum 7. júlí 1969, og gert þær dómkröfur, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir Félagsdóm að taka mál aðiljanna til meðferðar og uppsögu dóms af nýju. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði stað-

fest, og svo að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kærú máls þessa, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1962 og 67. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1969.

Nr. 151/1968. **Jarlinn h/f** (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Ólafi Bjarna Ólafssyni

(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 33.140.10 og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Mál þetta hefur verið lítt reifað af hálfu umboðsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Verður héraðsdómurinn stað-